

Upprás á Indlandi

Kjallari



Þorvaldur
Gylfason

ndverjar glíma frá fornū fari við ferns konar rangleti, sem leitar á hugann um jólín.

Tökum fyrst heimannmundinn, sem var bannaður með lögum 1961. Innheimta heimannmunds tilökast samu sums staðar enn, einkum til sveita og í 640 þúsund porpum, sem eru heimkynni príggja af hverjum fjórum Indverjum skv. manntali 2001. Porpið er líf og sál Indlands, sagði Gandí, landsfæðirinn, þótt almúginn færji þar næstum alls mis um hans daga og geri það enn, enda streymir fólk til borga og bæja í leit að betra lífsvöðurværi. Heimannmundarhefðin gerði eiginmönnum kleifd að krefja fjölskyldu brúðarinnar um fjallháar fúlger, stundum húsvérð, fé, sem hefði verið betur varið til að kenna konum um að lesa og skrifla. Lögbannið gengt heimannmundinum hefur stuðlað að auknu læsi kvenna (nú er helmingur fullorðinna kvenna laes og skrifandi á móti fjöldungi fyrir 30 árum) og ferri barnsþeólegum (indverskar komur eiga nú því börn að jafnaði, ekki sex eins og 1961). Þær segjast helst vilja láta tvö börn duga, fengju þær að ráða því sjálfar.

Stéttaskipting

Stjórnarskrá Indlands frá 1950 leggur blátt bann við hvers kyns mismunun og þá um leið bann við mismunun eftir stéttum. Þær er sérstakt ákvæði um afnám sérstöðu hinna ósnertanlegu, lægstu stéttarinnar, sem fólk af örðrum stéttum vildi ekki og mætti ekki snerta fram að lvi. Aðalhöfundur indversku stjórmarskrárinna var fyrsti madurinn, sem braust til mennta úr stétt hinna ósnertanlegu, B. R. Ambedkar. Hann er dáður um alt Indland, næsti bær við Gandi. Stjórnarskrárákvæðið



um hina ósnertanlegu hefur þó ekki dugað nema til háls, því að lengi lifir í glæðum gamalla fordóma og fafræði. Stjórnarskrá Indlands er örðrum præði viljafyrlysing frekar en lagabóð líkt og í sumum örðrum stjórnarskráram.

Barnagiftingar

Giftingar barna voru bannaðar með lögum **á Indlandi** 1929, þegar lágmarksgritingaráldur karla var ákvæðinn 21 ár og kvenna 18 ár. Ekki hefur Indverjum þó tekist betur en svo að hlýða og framfylgið lögunum, að helmingur kvenna á aldrinum 20 til 24 ára giftist fyrir 18 ára aldur. Barnagiftingar eru algengari til sveita en í þejunum og borgum, en þeim fer fækkanli með meiri og betri menntun. Gandí giftist ólaesri konu sínni um fermingaráldur, en það var löngu fyrir 1929.

Barnaþrælkun

Þrátt fyrir blátt bann við vinnu barna

undir 14 ára aldri í stjórnarskrá Indlands, gerðist það ekki fyrir en 1986, að bann við barnaþrælkun var leitt í lög, en þau náðu skammt, og eftir þeim er ekki farið. Ríkisstjórn Indlands viðurkennir, að um 20 milljónir barna eru þvíngar að til vinnu, en aðrar heimildir telja fjöldann leika á bilinu 50 til 60 milljónir barna.

Indlandi fleygir fram

Eftir meira en 40 ára stöðunum í efna-hagslífinu frá sjálfstæðistökkunni 1947, höf Indland sig til flugs fyrir 20 árum með gagngerum umbótum. Heilagar kyr sjást varla lengur í Nýju Delí, a.m.k. ekki í miðborginni, en varla var haeft að pverfóta fyrir þeim fyrir 30 árum. Fyrir 20 árum fóru átta af hverjum tíu langskólagengnum Indverjum úr landi, ættu þeir heimangeng (laeknar, verkfæðingar o.fl.), einkum til Bandaríkjanna, Bretlands, Kanada og Ástralíu. Nú fara ekki nema tveir af hverj-

um tíu að heiman. Indland framleiðir hugbúnað, lyf, vefnaðarvöru og margt annað handa öllum heiminum.

Framsókn á gömlum merg

Framför Indlands stendur **á gömlum merg**, **A** 16. og 17. óld gátu nýfædd börn á Indlandi vænst pess að komast fast að fimmstuðu. Landið var ríkt, og fólkini vegnaði vel. Margar glæsilegustu sögumínjar landsins eru frá þeim tima. Eftir það hallaði svo undan fæti, að meðalaevin stytist um helming. Arið 1947 voru ævilíkumar um 30 ár: nýfædd börn gátu þá að jafnaði vænst pess að verða prítug líkt og íslenskir hrvítvodungar um 1870. Nú geta Indverjar vænst pess að komast yfir sjötugt. Það er framför. Tekjur **á** mann **á Indlandi** voru þriðjungi minni en í grannlandinu Pakistan fyrir 30 árum, en eru nú fjórðungi meiri en í Pakistan. Þær eru að sónnu langt í land, en þetta potast.